



Borgarráð

Reykjavík, 12. maí 2025
MSS25050026

Starfshópur um mótun málstefnu Reykjavíkurborgar

Hjálagt erindisbréf starfshóps um mótun málstefnu Reykjavíkurborgar er lagt fram til kynningar.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt: Erindisbréf starfshóps um mótun málstefnu Reykjavíkurborgar.



Reykjavík



Reykjavík, __. maí 2025

MSS25050026

ERINDISBRÉF

Starfshópur um mótun málstefnu Reykjavíkurborgar

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjórinn í Reykjavík

Inngangur:

Málstefna Reykjavíkurborgar var samþykkt í borgarstjórn þann 3. október 2017. Starfshópur var skipaður í desember 2016 sem fékk það verkefni að marka heildstæða málstefnu fyrir Reykjavíkurborg skv. 130 gr. sveitastjórnarlaga. Í málstefnunni sem samþykkt var árið 2017 var það sett að leiðarljósi að vandað, skýrt og auðskilið mál, hvort heldur ritað eða talað, yrði lykilatriði í allri þjónustu og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar. Allar lykilupplýsingar um þjónustu borgarinnar skyldu auk íslensku einnig vera til á ensku og öðrum tungumálum eftir því sem kostur er og á íslensku táknmáli, punktalettri og með talgervlum fyrir þá sem það þurfa. Eins og fram kemur í niðurlagi málstefnunnar skal hún endurskoðuð fimm árum frá því hún tekur gildi. Nú er því tími til kominn að endurskoða málstefnuna sér í lagi í ljósi afar breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu.

Hlutverk:

Að endurskoða núgildandi málstefnu Reykjavíkurborgar í samræmi við 130 gr. sveitastjórnarlaga og leiðbeiningar Íslenskrar málnefndar. Einnig skal hafa til hliðsjónar íslenska málstefnu 2021-2030. Þá skal taka mið af hvers kyns stefnumörkun Reykjavíkurborgar s.s. mannréttindastefnu, menningarstefnu, mannauðsstefnu, velferðarstefnu og alþjóðastefnu sem og annarri sem kann að skipta máli við endurskoðunina.

Helstu verkefni:

- Að endurskoða og leggja fram uppfærða og heildstæða málstefnu fyrir Reykjavík.
- Að hafa samráð við hagsmunahópa við gerð málstefnunnar.
- Að gera tillögu um tímasetta innleiðingaráætlun á grundvelli stefnunnar.
- Að taka tillit til þegar markaðrar stefnu á vegum Reykjavíkur.
- Að gera tillögu að framsetningu efnis á vegum Reykjavíkurborgar.

Starfshópurinn skipa:

Hrund Þórsdóttir, upplýsingafulltrúi á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara (formaður)
Helga Ágústsdóttir, verkefnastýra hjá Miðju máls og læsis á skóla- og frístundasviði
Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, upplýsingafulltrúi á velferðarsviði
Anna Margrét Björnsdóttir, sérfræðingur á mannauðs- og starfsumhverfissviði
Heimir Snær Guðmundsson, sérfræðingur á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu



Reykjavík

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skili ábyrgðaraðila kostnaðarmetnum tillögum fyrir árslok 2025.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri



Reykjavík